267. fundur

Föstudaginn 24. júní 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson, Sverrir Björn Björnsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Gestur fundarins var Pálmi Vilhjálmsson sem sat fundinn að hluta til.
Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 266 fundar og dagskrá.**
Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram dagskrá sem var samþykkt. Fundargerð 266. fundar tekin fyrir og samþykkt.

2. **Umfjöllun um óstaðfesta verðlagsgrundvelli:**
a) Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2015. Grundvöllurinn staðfestur eins og hann var lagður fyrir og bókaður, sbr. 266. fund.

b) Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015.
Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf eftir leiðréttingu frá síðasta fundi. Þar kemur fram að vaxtagjöld lækkuðu frá því í september 2015 um kr. 7.754 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.325.220. Grundvöllurinn hefur hækkað um rúmlega 1,5% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.996.657 en var kr. 35.897.398 í september 2015. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 1,89% frá júlí til október. Tekjur grundvallarins er kr. 26.496.197. Grundvöllurinn var staðfestur.

c) Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. mars 2016.
Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2016, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður lækkaði frá því í desember 2015 um kr. 6.065 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.319.155. Grundvöllurinn hefur hækkað um rúmlega 3,1% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 36.563.638 en var kr. 35.996.657 í desember 2015. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 2,27% frá október til janúar. Tekjur grundvallarins er kr. 26.990.637. Grundvöllurinn var staðfestur.

d) Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. júní 2016. Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015.
Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september 2015 um kr. 5.416 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.313.739. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 3,87% frá 1. ágúst 2015 (byggt á verðlagi í júní 2015) og er heildarkostnaður nú alls kr. 36.826.696 en var kr. 36.563.638 í mars 2016. Frá mars til júní hefur hækkun launavísitölu verið 4,66%. Tekjur grundvallarins er kr. 26.990.637. Grundvöllurinn var staðfestur.

3. **Starfið framundan.**
Lagður var fram rekstrarreikningur Mjólkursamsölunnar ehf fyrir árið 2015. Jafnframt var lagt fram bráðabirgðauppgjör fyrir fyrstu 4 mánuði þessa árs en viðverandi tap er á rekstrinum. Áður hefur komið fram að reiknuð hækkun samkvæmt verðlagsmódel mjólkur iðnaðarins frá júlí 2015 til júní 2016 er 3,83%. Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. ágúst 2015 til 1. júní 2016 hefur hækkað um 3,87. Vegið meðaltal er á samanlagðri hækkunarþörf er því 3,85%. Umræðu var frestað til næsta fundar.

4. **Minnisblað frá Deliotte ehf.** Minnisblaðið var tekið til umfjöllunar.

5. **SAM, tillaga að breytingum á reglum nr. 52/2010 um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleyfa og frírra fitusýra**.
Fulltrúar mjólkuriðnaðarins óskuðu eftir því að erindi SAM, dags. 12. desember 2015 um flokkun og verðfellingar mjólkur yrði tekið af dagskrá á meðan frekari gagna yrði aflað.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson Kristín Sigfúsdóttir